

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 24. mars, var haldinn 110. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Sigmundur Þórir Jónsson, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigbór K. Ágústsson og Jórunn Pála Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Helgi Kristófersson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Snorri Freyr Vignisson og Fannar Freyr Eggertsson frá Ungmennaráði Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Starfsemi Seljagarða kynnt fyrir hverfisráði.
Steinunn Ásgeirsdóttir og Ásta Ísafold frá Seljagörðum taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Áform um listahátíðina Breiðholt Festival 2015 kynnt fyrir hverfisráði.
Skipuleggjendur eru opnir fyrir því að íbúar fái tækifæri til að taka þátt í hátíðinni.
Megan Horan, Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson frá Bedroom Community taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fjallað um styrkumsókn frá Bedroom Community vegna Breiðholt Festival 2015.
Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði fulltrúa Sjálfstæðisflokks að veita verkefninu styrk að upphæð kr. 250 þúsund.
Fulltrúi Sjálfstæðisflokks tekur fram að styrkuppæð ætti fremur að vera kr. 200 þúsund. Hún hafi að öðru leyti jákvæða afstöðu gagnvart verkefninu.
4. Fjallað um styrkumsókn frá Samfok vegna námskeiðshalds fyrir skólaráð í hverfinu.
Hverfisráð Breiðholts hafnar að veita verkefninu styrk.
5. Umsóknir í forvarnarsjóð lagðar fram til kynningar. Þær verða teknar fyrir á næsta fundi hverfisráðs í apríl.
6. Lögð fram tillaga frá Arnari S. Jónssyni verkefnisstjóra á Þjónustumiðstöð Breiðholts um einföldun á verkferlum og kostnaðardreifingu í verkefni um nágrennavörslu í Breiðholti dags. 19. mars 2015.
Samþykkt.
7. Rætt um atriði úr fundargerð frá stjórnarfundi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts dags. 3. mars 2015.

Fundi slitið kl. 18.18

Nichole Leigh Mosty

Sigbór K. Ágústsson
Sigmundur Þórir Jónsson

Jórunn Pála Jónsdóttir
Aðalheiður Frantzdóttir